



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2026

ÍSÁN2AB05

Kennari	Kristín Þóra Möller, kristin.moller@fss.is Rakel Ósk Eiríksdóttir, rakel.eiriksdottir@fss.is	 
Viðtalstími	Kristín: mánudaga, kl. 14.00-14.40 Rakel: föstudaga, kl.13:20-14:00	
Námsefni	Þjóðsögur, bækur, heimasíður og annað efni frá kennara aðgengilegt hjá kennara eða á Innu. Nemendur þurfa að kaupa möppu fyrir laus blöð og stílabók fyrir dagbækur, glósur og önnur skrifleg verkefni.	
Áfangalýsing	Áhersla er lögð á þjálfun í málnotkun við ritun, framsögn og lestur ásamt því að nemendur kynnist bókmenntum s.s. þjóðsögum og/eða smásögum. Nemendur lesa þjóðsögu að eigin vali á sínu móðurmáli og segja frá henni á íslensku. Fjallað er um íslenska dægurmenningu, land og þjóð. Markmiðið er að nemendur þjálfí sjálfstæði í vinnubrögðum, notkun orðabóka, bætta námstækni og auki orðaforða sinn, framburðar- og lestrarfærni. Áhersla lögð á jákvæð samskipti innan hópsins, samvinnu og vinnusemi.	
Námsmat og vægi námsmatspátta	Áfanginn er símatsáfangi. Til að ná áfanganum þarf að ná a.m.k. 4,5 í meðaleinkunn í öllum könnunum og verkefnum sem liggja til grundvallar. Hvert tímapróf/verkefni er aðeins hægt að þreyta einu sinni. Ef verkefni eða próf er unnið í stoðtíma án skýringar þá gildir hámarkseinkunn 5. Ekki er leyfilegt að taka próf utan kennslustofu nema í samráði við kennara. Eftir að miðannarmat hefur verið gert opinbert er EKKI hægt að skila verkefnum eða taka próf sem gilda inn í miðannarmatið.	
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐
	Sleppikerfi ☐	
	Heiti	Vægi
	Dagbækur	10 %
	Próf	20 %
	Ýmis verkefni	30 %
	Þjóðsögur	30 %
	Munnlegt próf	10 %

Reglur áfanga	Í kennslustundum í íslensku er símafrí nema kennarinn ákveði og/eða leyfi annað. Símar skulu að jafnaði vera geymdir á símahóteli og settir þar í upphafi kennslustundar. Nemendur fara eftir gervigreindarreglum íslenskudeildar við vinnu og skil á verkefnum.
Annað sem kennari vill láta koma fram	Nemendur komi undirbúnir í kennslustundir og með viðeigandi gögn meðferðis. Þá er ætlast til að þeir sækji allar kennslustundir skv. mætingarreglum skólans og skili verkefnum á réttum tíma.
Grunnpættir menntunar	Læsi er tengdur við alla áfanga í íslensku. Lögð er áhersla á að lesa ólíka texta og vinna með þá, bæði skriflega og með öðrum hætti. Nemendur eiga reglulega að færa hugsanir sínar í orð. Sjálfbærni er tengd við námsefnið, t.d. með ólíkum textum sem unnið er með í öllum áföngum íslensku. Ýmis álitamál og ágreiningsefni eru tekin til umfjöllunar með ólíkum hætti. Heilbrigði og velferð eru höfð að leiðarljósi inni í kennslustundum. Lögð er áhersla á góð samskipti, bæði milli nemenda sem og nemenda og kennara. Með fjölbreyttu námsmati er komið til móts við nemendur þar sem stuðlað er að jákvæðri sjálfsmynd þeirra. Lýðræði og mannréttindi tengist öllum áföngum í íslensku. Unnið er markmisst með ábyrgð nemenda á eigin námi. Kennarar taka tillit til áhuga nemenda, bæði hvað varðar námsefni og úrvinnslu verkefna. Unnið er með jafnrétti í öllum áföngum í íslensku, bæði með ólíkum textum sem unnið er með en einnig með því að þjálfar nemendur í samskiptum. Viðfangsefni grundvallast af jafnræði og jafnrétti. Sköpun er höfð að leiðarljósi í útfærslu ýmissa verkefna sem unnin eru. Lögð er áhersla á að nemendur viðhafi gagnrýna hugsun og leiti lausna við vinnslu verkefna, með því að nýta tækni á frumlegan og hagnýtan hátt

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • mikilvægi þess að auka orðaforða sinn og lestrarfærni. • nytsemi orðabóka og námstækni. • mæltu og rituðu íslensku máli. • mikilvægi bókmennta í menningu þjóða. • árangursríkum námsaðferðum og mikilvægi þeirra.	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • nota tungumálið og auka þannig orðaforða sinn og málskilning. • lesa ýmsa texta sér til gagns og gamans og nota árangursríkar námsaðferðir. • eiga góð samskipti við aðra og efla félagsþroska sinn. • lesa sér til gagns og yndis á íslensku og eigin tungumáli.
Hæfni Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • vera virkur í námi sínu og sinna því samviskusamlega. • semja stutta texta af ýmsu tagi. • draga saman aðalatriði og beita gagnrýnni hugsun við lestur bókmennta. • tjá sig munnlega og skriflega á góðu máli. • nýta þau tæki og tækni sem auðveldar honum að læra íslenskuna. • túlka og meta atburðarás, persónur og innihald í ýmsum bókmenntum á íslensku og eigin tungumáli.	

Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Heimavinna	16 vikur x 4 klst. x 20 mín.	21 klst.
Undirbúningur fyrir lotupróf	8 x 1 klst.	8 klst.
Ýmis verkefni	12 klst.	12 klst.
Alls		105 klst. = 5 ein

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 19.-21. ágúst	Í stuttu máli Lesskilningur og málnotkun	Dagbók 1
2. vika 24.-28. ágúst	Í stuttu máli Lesskilningur og málnotkun	Verkefni um Ljósanótt
3. vika 31. ágúst-4. september	Í stuttu máli Lesskilningur og málnotkun	Dagbók 2
4. vika 7.-11. september	Tónlistarverkefni Málfræði	
5. vika 14.-18. september	Tónlistarverkefni Málfræði	Skil á tónlistarverkefni
6. vika 21.-25. september	Málfræði upprifjun Þjóðsögur Kynning á efni Gilitrutt	Annarpróf 1 Hugarkort Þjóðsöguverkefni
7. vika 28. september-2. október	Þjóðsögur Gilitrutt Nú myndi ég hlæja	Þjóðsöguverkefni
8. vika 5.-9. október	Þjóðsögur Djárninn á Myrká	Þjóðsöguverkefni
9. vika 12.-16. október <i>Námsmatsdagur 12. okt. Miðannarmat 13. okt.</i>	Þjóðsögur – Teiknimyndasaga Málfræði Stoðtími	
10. vika 19.-23. október <i>Vetrarleyfi 23. október</i>	Þjóðsaga frá heimalandi Málfræði	Þjóðsögupróf
11. vika 26.-30. Október <i>Vetrarleyfi 26. október</i>	Þjóðsaga frá heimalandi	Kynningar
12. vika 2.-6. nóvember	Mannflóran – verkefni 1 Málnotkun	Dagbók 3
13. vika 9.-13. nóvember	Mannflóran – verkefni 2 Málnotkun	
14. vika 16.-20. nóvember	Mannflóran – Verkefni 3 Málnotkun	Dagbók 4
15. vika 23.-27. nóvember <i>Dimissio 27. nóvember</i>	Upprifjun fyrir annarpróf Undirbúningur fyrir munnleg próf	Annarpróf 2
16. vika 30. nóvember-4. desember	Munnleg próf Stoðtími	

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Kristín Þóra Möller og Rakel Ósk Eiríksdóttir